

Mett: 30/1 68 <sup>69</sup>

Gardar Jónsson.

STARFSSKÝRSKA FYRIR ÁRIÐ.  
=====

1968.  
=====

Suðurlandsumdæmi.

## 1. Veðurfar ársins:

Árið byrjaði með miklu frosti t.d. var 17' frost 2. jan. en um miðjan mánuðinn var orðið frostlaust, en þá fór að snjóa nokkuð, og var svo út mest allan febrúar. 27. febr. gerði asa hláku með rigningu og urðu miklir vatnavextir á suðurlandi, svo mikill vöxtur hljóp í Hvítá og Ölfusá, að Skeiðin voru að mestu undir vatni og á Selfossi flæddi Ölfusá yfir bakka sína og inn í hús til mikils skaða fyrir íbúana. Marz og fyrripartur af apríl voru umhleypingarsamir, frost, snjócoma og rigning á víxl, en upp úr miðjum apríl fór veðráttan að batna, þó voru oft töluverð frost. Maí og júní voru kaldir og oft næturfrost, enda hafís fyrir norður og austurlandi. Reglulegt vor-veður kom aldrei. Klaki var með meira móti í jörðu og fór seint t.d. var svo mikill klaki í Þjórsárdal 5. júní, þegar byrjað var að gróður-setja þar, að víða varð að hlaupa yfir svæði þarsem ekki var hægt að stinga nógu djúpar holur fyrir plönturnar. 23. júlí hef ég skrifað í dagbók mína, að klaki í jörðu sé til mikillar tafar við girðingarviðgerðir í Þjórsárdal. Í júlí og ágúst var ágætis veðráttu. Haustið og veturinn til áramóta var sérstaklega gott.

Það skal tekið fram, að ég geri ekki daglegar veðurmælingar, en það sem hér hefur verið sagt er tekið upp úr dagbók minni sem ég hef skrifað hjá mér frá degi til dags.

## 2. Vöxtur og brif trjágróðurs:

a. Laufgun og lauffall. Laufgun á birki í görðum tel ég að hafi verið um 1. júní, en það birki er að mestu sttað úr Bæjarstaðaskógi. Aftur á móti varð laufgun í Þjórsárdal og Þórsmörk ekki fyr en 24. júní. Lauffall tel ég að hafi verið 1. okt.

b. Vöxtur. Eftir árferðinu verð ég að telja vöxt í góðu meðallagi, þegar á heildina er litið. Ég tel að tré hafi byrjað hæðarvöxt mun seinna í sumar en venjulega, og má sennilega kenna það hversu klaki fór seint úr jörðu.

c. Fræfall. Birkifræ var sáralítið hér á suðurlandi í haust. Ég athugaði með fræ í brekkunum á Kirkjubæjarklaustri 28. júlí, og einnig í Skaftafelli í Örfum 12. ágúst, og það var sama sagan á báðum stöðunum það var bókstaflega ekkert fræ. Smávegis var kroppað af fræi í skjólbeltunum á Tumastöðum og einnig af trjám í görðum á Selfossi

d. Skaðar á trjám. Litlir skaðar urðu á trjágróðri á árinu. Þó má nefna vindsviðnun á barrplöntum í Reykjahjáleigugirðingu, en með Reykjafjalli er oft sagandi stormur, sérstaklega þegar hann er af norðan og norðaustan.

Í vor er sinubrennur voru eins og faraldur hér á suðurlandi, komst eldur í skógræktargirðingu Skógræktardeildarinnar í Sandvíkurhrepp og fór yfir alla girðinguna. Í girðingunni var nær eingöngu birki og skógarfura. Í sumar virtist mér megnið af birkinu ætla að ná sér aftur, en ekki skógarfuran, þó vil ég ekki dæma um það fyr en að vori.

Svolítið var um maðk og lús í birkiskógunum hér í sumar, en ekki það mikið að hægt sé að telja það til skaða.

### 3. Starfsfólk:

#### Starfsfólk á árinu.

	<u>apríl.</u>	<u>maí.</u>	<u>júní.</u>	<u>júlí.</u>	<u>ágúst.</u>	<u>septemb.</u>	<u>samt.</u>
<u>Karlar.</u>	1	5	12	9	9	8	44
<u>Konur.</u>		1	2	1	2	1	7
<u>Samt.</u>	1	6	14	10	11	9	51

Allar kaupgreiðslur til þessa fólks á árinu frá Skógrækt ríkisins urðu. (sambærilegar tölur frá árinu 1967 innan sviga) Kr. 396.259,- (358.693,-) þar af greitt í sparimerkjum Kr. 38.547,- (36.953,-). Á mánuði skiptast kaupgreiðslur þannig. Apríl Kr. 12.967,-, maí Kr. 28.196,- (40.622,-), Júní Kr. 104.391,- (148.039,-), júlí Kr. 101.126,- (103.520,-), ágúst Kr. 100.444,- (41.053,-), september Kr. 49.171,- (4.692,-). Greiðslur féllu þannig til fólks eftir búsetu, til fólks búsettu í Árnessýslu Kr. 257.129,- (248.057,-) í Rangárvalla-sýslu Kr. 54.009,- (26.755,-) og í Reykjavík Kr. 85.157,- (73.800,-). Samanlagður vinnustundafjöldi ársins varð 5892 kl. (5317). Trygginga-skildar vinnuvikur voru 126. Matreiðsludagar 98 (68). Venjulegur vinnustundafjöldi á dag var 9 st. í dagvinnu og 1. st. í eftirvinnu, nema á föstudögum 8. st. í dagvinnu og 2. st í eftirvinnu, og þá kom vikan út með 44. st. dagvinna og 6. st. eftirvinna. Ekkert var unnið á laugardögum.

### 4. Girðingar:

a. Viðhald. Seinast í apríl var byrjað að lagfæra girðinguna í Reykjahjáleigu, en ekki lokið við lagfæringu fyr en 20. maí. Vegna þess hve fjárhús eru nálægt girðingunni verður að lagfæra hana snemma vors, svo ekki fyllist allt af fé. Oft þarf að setja lausagirðingar á skafla til að byrja með. Að þessu sinni var girðingin ekki mjög illa farin, og vinnukostnaður varð ekki nema Kr. 7252,-.

Að viðgerð Þjórsárdalsgirðingar var byrjað að vinna 1. júní. Lausagirðing hafði þá verið sett í Þjórsá undir Bringum 22. apríl. Gengið var í það að laga girðinguna að framanverðu, frá Þjórsá og vestur í Blakksdal. Annars var unnið af og til í allt sumar við girðinguna, því nú var byrjað að endurgirða kaflann frá Hvammsá og suðvestur í Blakksdal. Girðingin var ekkert sérstaklega illa farin eftir veturinn, en mörg eru gilin og skörningarnir og þar fer girðingin alltaf illa hversu góðir sem veturnir eru. Klaki fór seint úr jörðu og tafði það að sjálfsögðu mikið fyrir framkvæmdum eins og gefur að skilja. Eins og áður segir var byrjað að endurgirða girðinguna frá Hvammsá, og var lokið við tæplega 3. km. Til þess að unnt væri að koma efni á línuna og í alla staði að auðvelda vinnuna, var ruddur vegur frá vinnuskálanum í Hvammsárdal og upp á heiðina fyrir ofan Ásólfstaði, það var að vísu aðeins jepparuðningur, en nóg til þess að hægt var að drífa girðinguna áfram. Fé var aldrei margt í girðingunni í sumar, þó komst nokkuð inn í hana seinnipartinn í ágúst, þá var ásóknin á girðinguna af Flóamannaafrétt orðinn mjög mikill og girðingin léleg á kaflanum sem eftir er að endurgirða. 29. ágúst voru um 30 fjár smalað út úr girðingunni. Síðar voru smalaðar lögsmalamennskur, en samtals varð kostnaður við smalanir Kr. 16.500,-. Allur vinnukostnaður við Þjórsárdalsgirðinguna í sumar varð Kr. 170.033.

Á Þórsmörk var að þessu sinni farið til viðgerða á girðingunni 24. júní, og lokið við það á sjö dögum. Girðingin var ekki illa farin eftir veturinn, nema við Krossá, þar fer hún alltaf ef nokkuð vex í ánni, sama er að segja í Tindfjallagili, þar fer hún einnig í vatnavöxtum. En gilið er ekki nema 60 - 70 m. breitt, svo auðvelt er að gera við þar. Að lokinni viðgerð á girðingunni, voru reknar út nokkrar rollur sem kommar voru inn í hana, og þá get ég sagt að girðingin hafi verið fjárlaus eða fjárlítill að minnsta kosti.

Um miðjan júlí varð ég var við að margt fé var komið inn í girðinguna. 19. júlí fór ég með 10 menn og hunda inneftir, og smöluðum við út úr girðingunni rúmlega 300 fjár. Við fórum einnig með girðingunni til að aðgæta hvort um bilun á henni gæti verið að ræða, en svo var ekki, en vissu fengum við um það að hlið höfðu verið skilin eftir opin. Ég var á Þórsmörk frá 29. júlí til 5. ágúst. Þá daga leit ég auðvitað eftir því hvort fé væri í girðingunni, ég verð að segja að það var svo fátt að ég taldi ekki ástæðu til að smala. Upp úr miðjum ágúst og sérstaklega eftir að ég kom af aðalfundi Skógræktarfélag Íslands 25. ágúst, bárust mér fréttir af því að fé væri í Mörkinni. 24. og 25. ágúst var mikið vatnsveður og vatnavextir hér sunnanlands. Taldi ég víst að girðingin hefði bilað í þeim vatnavöxtum einhvernstaðar. Ef smalað hefði verið, var tilgangslaust annað en að gera við girðinguna, og kostnaðarinnns vegna sá ég mér það ekki fært. Og svo var það annað, það var orðið svo áliðið sumars og komið það nálæt fjallsmalamennsku að mér fannst hreint ekki taka því að smala.

Vinnukostnaður við viðhald á Þórsmörkurgirðingunni í sumar varð Kr. 15.391,-, en kostnaður við smalanir Kr. 9.124,-.

Ég hef haft mikinn áhuga á því að hafa umsjónarmann á Þórsmörk sumarlengt, ég held að það væri vel þess vert að gera tilraun með það næsta sumar, og gæti þá umsjónarmaðurinn jafnframt haft eftirlit með ferðafólki og unnið að lagfæringu á ýmsu í Húsadal og víðar.

Skarfanegirðing. Eins og undanfarandi ár sá Árni Arnason í Klofa á Landi um viðhald á girðingunni þar.

## 5. Gróðursetning:

a. Yfirlit, undirbúningur, áætlun. Í Þjórsárdal hafði ekkert verið grísjáð fyrir gróðursetningu árið 1967, það var því mjög óákveðið á starfsmannafundinum um veturinn hvað ætti að gera í þeim málum. Útkoman varð samt sú að gróðursettar voru 9000 sitkagreni og 3900 lerki. Sitkagrenið var gróðursett inn í Selhöfðum eða nánar til tekið í hlíðum Skriðufellsins. Þar hafði verið gróðursett áður 1961 sitkagreni, en það tapaði töluvert tölunni í hretinu 1963 og var því alveg upplagt að fylla þar í skörðin. Af þessum plöntum var um helmingur settur niður með bjúgskóflum, en afgangur með hökum, því að í brekkum Skriðufellsins er svo grýtt að bjúgskóflum verður þar ekki beitt með góðum árangri. Lerkið var gróðursett á flötunum fyrir neðan Selhöfðabrekkurnar. Plönturnar voru allar frá Tumastöðum. Sitkagreniplönturnar voru ágætar, og tóku vel við sér í sumar. Lerkið var aftur á móti 4/0 plöntur rótarlittlar, og er ég hræddur um að sú gróðursetning hafi ekki tekist eins vel. Það skal tekið fram, að á meðan á gróðursetningu lerkisins fór fram og eins á eftir, voru miklir þurkar, og á það vafalaust mikinn þátt í því hve plönturnar litu illa út í sumar.

Í Reykjahjáleigu hafði verið gert ráð fyrir að gróðursetja töluvert af sitkagreni, en vegna þess hve mikil vindsviðnun var þar eftir veturinn og hefur verið þar oft áður, var horfið frá því að gróðursetja þar að ráði. Þar voru gróðursett 1000 sitkagreni og 200 viðjur. Viðjurnar voru settar í belti þvert á vindátt upp Reykjafjallshlíðina. Fyrir þær voru grafnar holur, og húsdýraáburður látinn með hverri plöntu. Sitkagrenið var gróðursett beint upp af gamla garðyrkjuskól- anum. Í Reykjahjáleigugirðingu vil ég fyrst um sinn leggja áherslu á að gróðursett verði sem mest af lauftrjám.

Til Vestmanneyja fór ég með 200 plöntur af sitkagreni, og voru þær gróðursettar í Herjólfssdal. Þar komst ég í samband við vinnuskóla

Vestmanneyjakaupstaðar, en stjórnandi hans er Reynir Guðsteinsson. Reynir var að vísu ekki heima, en verkstjórinn Hermann Einarsson tók mér vel og lofaði að sjá um gróðursetningu í Herjólfsdal framvegis. Hermann er kennari og hefur verið á námskeiði Kennaraskólans í Haukadalsdal, svo ég vona að vel verði séð fyrir gróðursetningu í Vestmanneyjum í framtíðinni.

b. Plöntunartími. Í Reykjahjáleigu var gróðursett dagana 14 - 17 maí. Í Þjórsárdal var byrjað að gróðursetja sitkagrenið 5. júní og því lokið 12. júní. Lerkið var gróðursett 19 - 22 júní. Í Ölversholti var gróðursett dagana 20 og 21 júní.

c. Tafla yfir tegundir, kvæmi o.fl.

Staður.	Tegund.	Kvæmi.	Aldur.	Fjöldi.	Gr.st.
Þjórsárdalur	sitkagreni <i>Selh.</i>	Homer	3/3	9000	T.
" "	lerki	Senk.	4/0	3900	T.
Reykjahjáleiga	sitkagreni	Homer	3/3	1000	T.
" "	viðja		2/0	200	T.
Ölversholt	sitkagreni	Homer	3/3	1500	T.
Herjólfsdalur	sitkagreni	Homer	3/3	200	T.
Samtals. 15800					

=====

Gróðursetning hjá Skógræktarrélögum.

Skógræktarfélag. Árn.

Snæfoksstaðir	rauðgreni	Namdal	3/3	8000	T.
" "	rauðgreni	?	2/3	500	F.
" "	bergfura	?	2/3	1500	F.
" "	sitkagreni	?	2/3	1000	F.
Húsatóftir	sitkagreni	?	2/3	100	F.
Selfoss	birki	Bæjarst.	2/0	1500	T.



<u>Staður.</u>	<u>Tegund.</u>	<u>Kvæmi.</u>	<u>Aldur.</u>	<u>Fjöldi.</u>	<u>Gr.st.</u>
Sandvíkurhr.	birki	Bæjarst.	2/0	500	T.
Fjall Skeiðum	rauðgreni	Rissa	2/4	250	T.
Gnúpverjahn.	sitkagreni	Homer	3/3	50	T.
" "	bergfura	?	3/0	70	T.
Hvergerðingar	bergfura	?	3/0	450	T.
" "	stafafura	?	3/0	300	T.
" "	sitkagreni	Homer	3/0	250	T.
" "	birki	Bæjarst.	3/0	1400	F.
<u>Skógræktarféll. Rang.</u>					
Hamragarðar	birki	Bæjarst.	2/0	2500	T.
" "	bergfura	?	2/3	500	T.
Seljalandsgirð.	birki	Bæjarst.	2/0	3000	T.
" "	bergfura	?	2/3	500	T.
				Samtals.	22370

## 6. Hirðing:

a. Hreinsun, grisjun. Það er vissulega þörf á því að hirða og klippa frá plöntum sem hafa verið gróðursettar, og það ætlar maður að gera á hverju ári. En þegar peningar eru litlir þá er það einmitt hirðingin sem látin er sitja á hakanum, því maður veit að plönturnar drepast ekki þótt frestað sé í eitt eða tvö ár að klippa frá þeim. Það fór því minna fyrir hirðingunni hjá mér í sumar en til stóð. Í Þjórsárdal var grisjað frá rauðgreni og sitkagrenisgróðursetningum frá árinu 1960. Ekki var komist yfir stórt svæði, því aðeins var unnið fyrir Kr. 6.223.-. Til þess að hafa eitthvað land til gróðursetningar á næsta ári, lét ég rása-grisja 3. ha. í hliðunum upp af vinnuskálonum í Hvammsárdal. Landið sem þarna var grisjað er gott, og er tilvalið til gróðursetningar á hvort sem er sitkagreni eða rauðgreni

## 7. Vélar og verkfæri:

a. Mótórvélar. Ekki voru keyptar nýjar mótórvélar á árinu. Settur var nýr pallur á vörubifreiðina L.- 233. Gerð var í stand jarðýtan T.-D.-6, og var það gert á verkstæðinu á Tumastöðum.

b. Önnur verkfæri. Sjá verkfæralista aftast.

## 8. Ýmislegt:

a. Ferðafólk. Eins og undanfarandi sumur var mjög mikill ferðamannastraumur á Þórsmörk og í Þjórsárdal. Mest voru það gestir sem dvöldu aðeins yfir eina helgi, þó var alltaf slæðingur af fólki sem dvaldi eina viku eða hálfan mánuð á sama stað. Í Þjórsárdal hafa sérleyfis-hafarnir þangað (Landleiðir) umsjónarmann sumarlangt á staðnum.

Umgengni þar er mjög góð, og þangað kemur mikið af fjölskyldufólki til lengri dvalar. Á Þórsmörk er aftur á móti ekki eins góð umgengni. Þangað kemur mikið af starfsmannahópum og einstaklingum, er dveljast aðeins yfir eina helgi. Oft vill verða sukksamt hjá svoleiðis hópum, og mjög misjafnt hvernig viðskilnaður á tjaldstæðum er. Sumir hópar eru til fyrirmyndar hvað umgengni snertir, og er það eins og gengur fólkið er misjafnt hvað þetta snertir eins og annað. Þegar á heildina er litið, þá var umgengnin í sumar mun betri heldur en undanfarandi ár, og vafalaust má þakka það herferðinni sem gerð var í sumar með að bæta umgengni. " Hreint land fagurt land ".

Eins og venjulega kom lang flest fólk bæði á Þórsmörk og Þjórsárdal um verzlunarmannahelgina. Hjálpareveit skáta í Reykjavík sá um skemmtanir í Húsadal um verzlunarmannahelgina. Aðgangur að staðnum var seldur þá helgi, og komu 2508 manns. Skógræktin fékk hluta af aðgangseyrinum Kr. 50,00 af manni, og gerði það samtals Kr. 125.400,-. Kostnaður vegna ferðafólks í sumar varð aftur á móti tæpar 100. þús. krónur. Aðstaða fyrir ferðafólk var bæt í Húsadal. Fjölgað salernum um 2, og eru þau þá 9 í Húsadal, voru þau öll máluð og lagfærð.

Vatnslögnin var lagfærð og augin, og í sumar var hægt að taka vatn á fjórum stöðum í Húsadal. Einnig var sáð grasfræi og borinn áburður á flötina og víðar í Húsadal.

b. Fundarhöld og eftirlitsferðir. 5.- 8. marz sat ég fund skógræktarstjóra og skógarvarða í Reykjavík, þar sem rædd var og gerð fjárhags og starfsáætlun Skógræktar ríkisins fyrir árið 1968.

20. júní til Vestmanneyja, til eftirlits og leiðbeiningar þar vegna gróðursetningar aðallega í Herjólfssdal.

Í júlí tvær ferðir vestur í Dalasýslu, og 10.- 14. ágúst austur í A.- Skaftafellssýslu, vegna vinnu umferðarvinnuflokks sem vann á þeim stöðum og ég sá um.

Yfir sumarið margar ferðir í skóglendi Skógræktar ríkisins, vegna eftirlits og framkvæmda þar. Einnig ferðir í girðingar skógræktarfélagi og þá sérstaklega Skógræktarfélagi Árnesinga.

22.- 25. ágúst á aðalfund Skógræktarfélagi Íslands, sem haldinn var austur á Hallormsstað.

c. Umferðarvinnuflokkur. Í nokkur ár hefur verið starfandi svokallaður umferðarvinnuflokkur, sem Landgræðslusjóður hefur borið kostnað af. Ég hef séð um útgerð á þessum vinnuflokki, og var svo einnig í sumar. Flokkurinn vann í þrem sýslum, Árnes, Dala og A.-Skaftafellssýslu. Gert var við girðingar, gróðursett og grisjað frá gróðursetningum. Unnið var á þessum stöðum. Í Árnessýslu, Húsatóftum, Brúnavöllum, Birnustöðum, Fjalli og Álfaborgum. Í Dalasýslu, Hvammi, Staðarfalli, Skarði, Þverdal, Hjarðarholti og Gröf. Í A.- Skaftafellssýslu, Staðarfjalli, Reynivöllum, Viðvöðsgirðingar tvær, Hfanarlandi og Hlíð. Kostnaður við flokkinn í sumar varð Kr. 150.305,-.

Selfossi 31/12. 1968.



V E R K F E R A T A L N I N G .  
=====

Hjá Garðari Jónssyni 1968.

Fjöldi.	Nöfn.
1.	Vörubifreið Thames Trader árgerð 1963.
1.	Jeppabifreið rússnesk <del>U.</del> A. Z. árg. 1967.
1.	Jeppakerra
1.	Jarðýta T.-D.- <u>6</u> . gömul
1.	Kjarrsög Jo.Bo.
2.	Axir
14.	Sniðlar
9.	Bjúgskóflur
5.	Plöntuhakar
6.	Skógarklippur
3.	Stunguskóflur
2.	Malarskóflur
2.	Járnkarlar
3.	Sleggjur
1.	Keðjustrekkjari (Girðingatalía)
2.	Handstrekkjarar
4.	Hamrar
6.	Naglbítar
2.	Bogasagir
2.	Tjöld (Gömul)
	Matar og eldunaráhöld fyrir 10 manna flokk, sem bætt er í og haldið við á hverju ári.

Selfossi 31/12. 1968.

*Egast Jónsson*